

Fuglaferð í Friðland Svarfdæla

Kæru kennarar, foreldrar og uppalendur!

Byggðasafnið Hvoll á Dalvík og Náttúrusetrið á Húsabakka bjóða upp á fræðandi skemmtiferð fyrir elstu bekki leikskóla og yngstu bekki grunnskóla. Þið leggið til rútu og takið með ykkur nesti. Við tökum vel á móti ykkur. Pantið tíma hjá undirrituðum.

Verð: 1000 kr. fyrir barnið



Markmið: Að börnin upplifi iðandi vorstemmningu í Friðlandi Svarfdæla, læri sitt-hvað um farfugla, lífríki náttúrunnar og umhverfisvernd.

- Þau læri að þekkja, *lóu, spóa, stelk, jaðrakan, hrossagauk, grágæs og stökkönd* bæði í sjón og af söng þeirra.
- Í leiðinni skyggjast þau inn í fortíðina á Byggðasafninu Hvoli og fá jafnframt að syngja vorlöggin fullum hálsi.

Námsefni: Allir fá verkefnablað þegar komið er að Húsabakka þar sem bæði er að finna söngva um fugla og létt fuglaverkefni. Hægt er að fá verkefnablöðin send í skólann ef þess er óskað.

Dagskráin: Tekið verður á móti bekkjarhópum í Hvoli. Þar gefst kostur á að finna fuglana sem kynntir haf verið til leiks, sjá þá í návígi, heyra söng þeirra leikinn og fá fræðslustund hjá safnstjóra. Þá er ekið fram að Húsabakka þar sem fyrst er borðað nesti en síðan tekur við fræðslustund og fuglaskoðunarferð í Friðlandi Svarfdæla. Þar reynum við að koma auga á viðkomandi fugla, bera kennsl á söng þeirra og fræðst nokkuð um lífríkið, og verndun þess. Inn í dagskrána fléttast vorsöngvar um fuglana.



Tímaplan

Kl 10:00	Komið að Hvoli
Kl 10:00-10:45	Fræðslustund með safnstjóra
Kl: 10:45-11:45	Ekið að Húsabakka – nestispása
Kl 11:45 – 12:15	Verkefni
Kl 12:15 -13:00	Gönguferð um friðlandið.
Kl 13:00	Kveðjustund

Hjörleifur Hjartarson, Húsabakka s: 8618884 - hjhj@rimar.is
Íris Ólöf Sigurjónsdóttir, Hvoli s: 4661497 - hvoll@dalvik.is